



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

Alþingi
Erindi nr. P 132/2040
komudagur 3.S. 2066

Dagsetning/Date

4. maí 2006

Tilvísun/Reference

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruf lutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins

Vísað er til erindis allsherjarnefndar 12. apríl s.l., þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruf lutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Til svars erindinu skal tekið fram að hlutverk tollyfirvalda er m.a. að tryggja framkvæmd ákvæða EES-samningsins um frjálsa vöruf lutninga innan EES-svæðisins. Að því er tollyfirvöld varðar snýr þetta frelsi fyrst og fremst að tollmeðferð vara og tollaívilnunum sem samningurinn kveður á um varðandi vörur sem fullnægja nánar tilgreindum skilyrðum um uppruna á svæðinu. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir að samningsaðilar, þ.m.t. tollyfirvöld, greiði fyrir viðskiptum með slíkar vörur með því að einfalda formsatriði og eftirlit á landamærum þannig að viðskipti geti gengið hindrunarlaust fyrir sig milli þeirra sem viðskipti eiga á svæðinu.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins um ákvæði reglugerð EB-ráðsins nr. 2679/98, sem gert er ráð fyrir að lögfesta samkvæmt nefndu frumvarp, er meginmarkmið ákvæða hennar að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruf lutningum, svo sem vegna vegatálma eða eyðileggingar á varningi. Samkvæmt því er hér um að ræða málefni sem snerta almenna löggæslu sem sinnt er af lögreglu. Kemur því ekki almennt til kasta tollyfirvalda þegar um nefndar hindranir er að ræða. Tollgæslan getur þó komið að slíkri löggæslu þegar hún annast eða aðstoða við löggæslu, sbr. 4. töl. 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þótt gera verði ráð fyrir veltu samkvæmt að framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar verði í höndum þess ráðherra sem lagði frumvarpið fram, þ.e. dómálaráðherra, svo og lögregluvalda er spurning hvort ekki væri til bóta að einhver slík efnisleg ákvæði væri að finna í lögnum sjálfum, t.d. með vísan til lögreglulaga. Að öðru leyti gerir embættið ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. tollstjórans í Reykjavík


Sigurgeir A. Jónsson